



3. apríl
2020

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, hvað veistu núna um hann?

Þá er þessari tilraun með tíu fréttabréf á tíu dögum lokið og afraksturinn er vonandi aukinn sýnileiki svæðisgarðsins.

Fyrst það var hægt að segja góðar fréttir núna, þá er það alltaf hægt. Við höfum reynt að varpa ljósi á verkefni sem unnið er að, Hver eru þau, Af hverju eru þau unnin og Hvernig.

Væntanlega verða næstu skref að gefa reglulega út fréttabréf (4x á ári? Einu sinni í mánuði?) deila þeim á heimasíðu Svæðisgarðsins www.snaefellsnes.is, samfélagsmiðlum og heimasíðum sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi.

Svæðisgarðurinn er fyrst og fremst farvegur fyrir samstarf á Snæfellsnesi og skilar sem slíkur þeim verkefnum sem sett eru af stað. Stjórnin leggur áherslu á það núna að við vinnum vel heimavinnuna varðandi áfangastaði og ferðaleiðir á Snæfellsnesi, til að vera tilbúin með kynningarefni þegar aftur má hvetja gesti til ferðalaga.

Er eitthvað merkilegt við Snæfellsnes?

Snæfellingar hafa svarað spurningunni játandi, ákveðið sameiginlega hvað það er sem við viljum standa vörð um og hvernig við ætlum að gera það. Þetta er innsiglað í samþykktu Svæðsskipulagi fyrir allt Snæfellsnes sjá hér: <https://www.snaefellsnes.is/svaedisskipulag> Svæðisgarðurinn er farvegur fyrir mörg þessara verkefna og fulltrúaráð svæðisgarðsins og stjórnin í umboði þess, velur og forgangsraðar verkefnum.

Áskorendahornið

Elín R. Guðnadóttir, sem ólst upp í Grundarfirði og starfar m.a. sem verkefnastjóri Sælkeriferða um Snæfellsnes ætlar að loka áskorendahorninu í kvöld kl. 20, með beinni útsendingu frá fésbókarsíðu sinni.

Hún tók áskorun frá Magnúsi A.Sigurðssyni úr Stykkishólmi sem sagði okkur frá sögustöðum úr Eyrbyggju í gærkveldi. Allar hljóðupptökur má nálgast á fésbókarsíðu Svæðisgarðsins.

Áfangastaðir á Snæfellsnesi

Af okkar ríka náttúru- og menningarauði hefur margt verið gert aðgengilegt fyrir heimamenn og gesti.

Hér verður áfram varpað ljósi á nokkra áfangastaði sem eru tilbúnir til að taka á móti heimsóknunum.

Dæmi um snæfellska áfangastaði með aðgengi fyrir alla



Bjarnarfoss



Djúpalónssandur



Gatklettur



Staldið við Kolgrafarfjörð



Snæfellsnes
Tómas Kristjánsson



Leyndardómur Snæfellsjökuls



Lifandi strandmenning



Fornar minjar

Ábyrgðarmaður fréttabréfs:
Ragnhildur Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri
Svæðisgarðsins Snæfellsnes
Uppsetning og hönnun: Krums, Grundarfirði